

## 7. bekkur

### Hönnun og smíði

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn færst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfí fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

#### **Verkefni vetrarins eru í grófum dráttum þessi en geta þó tekið breytingum**

1. Klukka unnið úr leiðbeiningum Áhersla lögð á skapandi hugsun úr H og smíði
2. Mariubjalla/ dýr skoppandi dýr, rafmagn og lóðvinna unnið úr leiðbeiningum úr H og smíði
3. Gulla skríni efni unnið af kennara lagt í hendur nemanda
4. Rafeinda verkefni valið í samráði við kennara
5. Valið verkefni í samvinnu við kennara, frjáls hugmyndavinna úr verkum vetrarins sameinuð

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk	Leiðir
Handverk	Ýmsar handbækur blöð og vefsíður	- Velji verkfæri sem hæfa viðfangsefni og noti á öruggan hátt. - Þekki mælitæki og geti notað þau á réttan hátt, s.s. tommustokk, málband, vinkil. - Geri grein fyrir helstu smíðaeffnum sem unnið er með, þekki krossvið, mdf, furu/greni, plast, vír, steypu, gifs, gler og geri sér nokkra grein fyrir eiginleikum þeirra. - Skili vönduðu verkefni.	Sýnikennsla í hóp. - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu. - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.
Hönnun og tækni		-- Útskýri hugmyndir sínar með því að rissa upp einfalda málsetta vinnuteikningu. - Útbúi einfalda verklýsingu. - Lesi einfalda teikningu og unnið eftir henni. - Framkvæmi fjölbreyttar samsetningar s.s. negla, , líma, skrúfa. - Þekki hvernig hægt er að nota vogarafl, gorma og teygjur í verkefni	
Umhverfi		- Noti efni úr nærumhverfi og gera sér grein fyrir kostum þess fyrir umhverfið. - Beiti líkamanum rétt við vinnu sína og notað viðeigandi hlífðarbúnað. - Gangi frá verkfærum og áhöldum á réttan hátt. - Sýni góða nýtingu efna. - Geri grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta efni.	
Matsþættir		Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti	